

2016

Fjölskyldunefnd.



[STEFNA Í MÁLEFNUM INNFLYTJENDA]



Inngangur

Með hugtakinu innflytjandi er átt við einstakling sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt og sest hefur að í sveitarfélaginu. Innflytjendur eiga það sameiginlegt að hafa aðra tungu að móðurmáli en íslensku.

Það er hagur allra að öllum líði vel og allir fái notið sín í því samfélagi sem þeir búa, það er því mikilvægt að búa vel að öllu fólki sem flyst í sveitarfélagið óháð þjóðerni. Það þarf að vera svigrúm til að aðstoða fólk við að aðlagast nýjum stað og til að verða þátttakendur í samfélaginu.

Stefna Hvalfjarðarsveitar í málefnum innflytjenda var m.a. unnin út frá stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Meginmarkmið

- ✓ Að innflytjendur þekki réttindi sín og skyldur sem íbúar og hafi greiðan aðgang að þjónustu sveitarfélagsins.
- ✓ Að innflytjendur öðlist sem fyrst sömu stöðu og aðrir íbúar og séu viðurkenndir, sjálfbjarga og virkir þátttakendur í samfélagi sveitarfélagsins.
- ✓ Að allir íbúar sveitarfélagsins njóti fjölbreytni í mannlífi og menningu þar sem jafnrétti, víðsýni og gagnkvæm virðing einkennir samskipti fólks.

Leiðir

Samvinna-samstarf

Mikilvægt er að aðilar sem sinna málefnum innflytjenda vinni saman og stilli saman strengi. Samstarf milli þeirra aðila sem koma að er því nauðsynlegt til að unnt sé að veita innflytjendum heildstæðar upplýsingar um réttindi sín og skyldur og þá þjónustu sem í boði er. Innflytjendur geta leitað upplýsinga hjá skrifstofu sveitarfélagsins og til annarra stofnana Hvalfjarðarsveitar.

Starfsmenn Hvalfjarðarsveitar skulu ávallt leitast við að bjóða öllum íbúum sveitarfélagsins sömu þjónustu óháð þjóðerni þeirra og uppruna. Stofnanir sveitarfélagsins þurfa að gera ráð fyrir innflytjendum og koma til móts við sérstakar þarfir þeirra þannig að þeir geti verið virkir þátttakendur.

Samstarf milli ríkis og sveitarfélagsins þarf að vera til staðar t.d. þurfa lögheimilsskráningar að skila sér fljótt og vel til sveitarfélagsins og sveitarfélagið þarf að fá nauðsynlegar upplýsingar til að geta undirbúið móttöku innflytjenda s.s. upplýsingar um tungumálalækingu og fjölskylduaðstæður.



Að skapa góða samvinnu milli aðila sem málið varðar er afar brýnt s.s. á milli sveitarfélags, Vinnuálastofnunar, Rauða krossins, Fjölmenningsseturs, Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Mannréttindaskrifstofu, Símenntunarmiðstöðvar og fleiri aðila.

Að leita leiða til að virkja fólk til þátttöku og ábyrgðar í samfélaginu er stór þáttur í því að vel takist til. Það er mikilvægt að aðlögunin verði gagnkvæm þ.e. að innflytjendur aðlagist upprunasamfélaginu og öfugt.

Samfélag

Sveitarfélagið þarf að hafa skýra sýn á það samfélag sem það vill skapa. Huga þarf að því að sveitarfélagið er eitt samfélag fyrir alla þar sem allir eigi rétt á sömu þjónustu og beri sambærilega ábyrgð.

Þjónusta

Ávallt skal bjóða þjónustu túlks í viðkvæmum og alvarlegum málum þar sem miklir hagsmunir kunna að vera í húfi.

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar skal móta verkferla um móttöku barna af erlendum uppruna.

Ávallt skal leitast við að tryggja börnum af erlendum uppruna leikskólapláss enda uppfylli þau almenn skilyrði um inntöku leikskólabarna.

Þekking, menntun og menning innflytjenda

Sveitarfélagið skal leiðbeina innflytjendum hvert þeir geta sótt sér íslenskukennslu.

Virða skal menningu og reynslu innflytjenda.

Tómstundstarf fyrir alla

Leita skal leiða til að tryggja þátttöku erlendra barna í félagsstarfi, íþróttum og öðru tómstundastarfi sem í boði er í sveitarfélaginu.

Stuðningur

Til að aðlögunarferlið gangi sem best þá þurfa innflytjendur að fá stuðning til að verða fullgildir þátttakendur í samfélagi sveitarfélagsins. Þann stuðning ert.d. hægt að veita með upplýsingagjöf.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 24.maí 2016

